

MENNINGARSTEFNA MOSFELLSBÆJAR

INNGANGUR

Mosfellsbær vann að stefnumótun fyrir bæjarfélagið og stofnanir þess á árinu 2008 og samþykkti bæjarstjórn hana á 488. fundi sínum 9. apríl 2008. Í framhaldi hefur farið fram mótun stefnu í einstökum málaflokkum.

Menningarmál heyrir undir menningarsviði sem gert var að sjálfstæðu sviði í nýju skipuriti bæjarins 2008. Á menningarsviði eru einnig íþróttá-, tómstunda-, nýsköpunar- og ferðamál. Vorið 2009 var haldinn fundur um stefnumótun menningarmála. Fundurinn var opinn öllum bæjarbúum og hafa hugmyndir frá þeim fundi sett mark sitt á stefnuna. Utanaðkomandi ráðgjafi skipulagði fundinn og vann áfram með niðurstöður fundarins með menningarmálanefnd bæjarins. Forstöðumaður Bókasafns Mosfellsbæjar og framkvæmdastjóri menningarsviðs unnu úr niðurstöðum og samræmdu.

Stefna Mosfellsbæjar í menningarmálum byggir á stefnu sveitarfélagsins, samþykktum bæjarstjórnar um menningarmál, lögum um söfn og menningu. Hlutverk og gildi í stefnu Mosfellsbæjar endurspeglast í menningarstefnunni og hún tekur mið af framtíðarsýn bæjarins:

”Mosfellsbær er eftirsótt bæjarfélag til búsetu þar sem fjölskyldan er í fyrirrúmi. Mosfellsbær er framsækið samfélag þar sem ábyrgðarkennd ríkir gagnvart náttúru og umhverfi auk þess sem hagkvæmni í rekstri og samfélagsleg ábyrgð eru ávallt höfð að leiðarljósi. Stjórnsýsla og þjónusta Mosfellsbæjar eru skilvirk, ábyrg, vönduð og í fremstu röð á Íslandi. Mosfellsbær er eftirsóknarverður vinnustaður hæfra einstaklinga þar sem áhersla er lögð á persónulega og nútímalega þjónustu.”

MENNING - FRAMTÍÐARSÝN

Í menningu finna menn rætur sínar, sögu og sjálfsmynd. Menning opnar einnig augu manna fyrir fjölbreytni og veitir alþjóðlega sýn. Í menningu finnst hvati sköpunar og þróunar sérhvers samfélags.

Mosfellsbær veitir íbúum tækifæri til að leggja rækt við menningu og styrkja þannig sjálfsmynd sína og menningarlegar rætur. Mosfellsbær tekur mið af fjölbreytni mannlífsins og stuðlar að því að íbúar kynnist og njóti menningar samtímans, jafnt íslenskrar sem alþjóðlegrar. Listir og listamenn í Mosfellsbæ búa við menningaraðstöðu eins og best gerist. Skapandi menning setur mark sitt á þróun samfélagsins og Mosfellsbær er hluti af íslensku og alþjóðlegu menningarlífi.

LEIÐARLJÓS

Mosfellsbær hefur að leiðarljósi að menning auki lífsgæði og hamingju íbúanna og fari fram í sátt við umhverfið. Bærinn leggur áherslu á framsækni, fjölbreytileika og alþjóðlega sýn, en byggir jafnframt á menningarlegum hefðum og þekkingu á sögu sveitarfélagsins. Mosfellsbær telur mikilvægt að íbúar fái tækifæri til þátttöku í menningu, bæði að njóta, skapa og vera virkir þátttakendur í menningu og listum, allt eftir þörfum hvers og eins.

MEGINMARKMIÐ

- Mosfellsbær skapi bæjarbúum tækifæri til að njóta og skapa menningu og listir.
- Mosfellsbær styðji við menningu og listir og auki þannig lífsgæði bæjarbúa.
- Mosfellsbær leggi áherslu á miðlun menningarlegra verðmæta úr daglegu lífi bæjarbúa, miðlun samtímalista sem og menningararfs.
- Mosfellsbær leggi áherslu á að styðja við skapandi starf og listir í bæjarfélaginu í sátt við umhverfið og leiti leiða til að greiða götu nýjunga í menningu og listum.
- Mosfellsbær leggi áherslu á að nýta menningu til tengsla og samskipta við umheiminn og leiti skapandi strauma til eflingar samfélags og atvinnulífi.
- Mosfellsbær byggi upp framsæknar menningarstofnanir og vinni að uppbyggingu á aðstöðu fyrir menningu og listir með framsæknum hætti.

1. MOSFELLSBÆR SKAPI BÆJARBÚUM TÆKIFÆRI TIL AÐ NJÓTA OG SKAPA MENNINGU OG LISTIR

- Listir og menning séu aðgengileg öllum - til að njóta og skapa
- Viðburðir og hátíðir í menningarlífi eflist og festist í sessi og séu vettvangur fyrir bæjarbúa til þátttöku
- Menningarlíf og listviðburðir í Mosfellsbæ veki athygli út fyrir bæjarmörkin og viðburðir verði eftirsóttir á landsvísu
- Menning og listir séu snar þáttur í skólastarfi og stutt verði við menningar- og listuppeldi barna
- Mosfellsbær styðji við íbúa og félög sem halda úti menningarstarfsemi

2. MOSFELLSBÆR STYÐJI VIÐ MENNINGU OG LISTIR OG AUKI ÞANNIG LÍFSGÆÐI BÆJARBÚA

- Mosfellsbær leggi áherslu á að styðja við skapandi starf og listir í bæjarfélaginu og stuðli að nýjungum í menningu og listum
- Mosfellsbær leggur sig fram um að kynna listamenn bæjarins og þær listgreinar sem þeir stunda
- Bærinn styrki starfsemi listahópa og félaga um listgreinar
- Mosfellsbær styðji sérstaklega við ritlist og verði þekktur sem bær bókmennta
- Fjölbreytileg listastarfsemi hafi aðgang að menningarstofnunum
- Styrkveitingar endurspegli fjölbreytileika í listalífi Mosfellsbæjar

3. MOSFELLSBÆR LEGGI ÁHERSLU Á MENNINGARSTARF Í SÁTT VIÐ UMHVERFIÐ

- Mosfellsbær stuðlar að menningu í sátt við umhverfi sitt og að mótun umhverfis með menningarlegum hætti
- Miðbær Mosfellsbæjar verði þungamiðja menningar í bænum og markaður verði menningarás sem gönguleið milli stofnana og menningarstaða
- Mosfellsbær verði þekktur fyrir menningargöngur sem hluta af útivistarmenningu

- Stefnt verði að því að almenningsgarður í Mosfellsbæ sem einkennist af ró og friði til mótvægis við nútíma skarkala verði sérstaklega tengdur menningu og listum
- Mosfellsbær stuðlar að því að tengja menningu og listir við sérstæða náttúru og útivist

4. MOSFELLSBÆR STANDI VÖRÐ UM SÖGU OG MENNINGU SVEITARFÉLAGSINS OG MIÐLI HENNI TIL BÆJARBÚA

- Menningarímynd og sögu sveitarfélagsins sé sýnd virðing og ræktarsemi
- Mosfellsbær haldi á lofti minningu Halldórs Laxness, framlagi hans til íslenskrar menningar og heimsbókmenntanna
- Mosfellsbær haldi á lofti nafni listamanna sem tengjast Mosfellsbæ með sögulegum hætti, eins og Guðmundar Einarssonar og Dieter Roth.
- Mosfellsbær eigi eða varðveiti listaverk eftir listamenn sem starfa og starfað hafa í Mosfellsbæ og þau séu aðgengileg bæjarbúum

5. MOSFELLSBÆR NÝTI MENNINGU SÍNA TIL TENGLA OG SAMSKIPTA VIÐ UMHEIMINN

- Mosfellsbær leggi áherslu á að nýta menningu til tengsla og samskipta við umheiminn
- Menning og saga í Mosfellsbæ sé þekkt héraendis sem erlendis
- Menningarlíf Mosfellsbæjar verði kynnt fyrir gestum og gangandi, erlendum sem innlendum.
- Menningarstofnanir stuðli að varðveislu menningararfleifðar í Mosfellsbæ
- Mosfellsbær leggur áherslu á menningarstarf og arðsemi menningar og þýðingu fyrir atvinnulíf

6. MOSFELLSBÆR BYGGI UPP FRAMSÆKNAR MENNINGARSTOFNANIR OG VINNI AÐ UPPBYGGINGU Á AÐSTÖÐU FYRIR MENNINGU OG LISTIR MEÐ FRAMSÆKNUM HÆTTI

- Menningarstofnanir bæjarins gegni fjölþættu hlutverki sínu fyrir alla aldurshópa af krafti og faglegum metnaði
- Menningarstofnanir hafi samráð við íbúa um viðhorf þeirra og óskir
- Bókasafn Mosfellsbæjar er almenningsbókasafn í fremstu röð, stofnun í stöðugri þróun, sem þjónar fjölþættu miðlunar- og menningarhlutverki
- Mosfellsbær stefnir að uppbyggingu menningaraðstöðu á miðbæjarsvæðinu eðg
- Mosfellsbær stefnir að uppbyggingu menningaraðstöðu við Gljúfrastein í samvinnu við ríkið
- Stefnt er að því að fornleifauppgröfturinn í Mosfellsdal nýtist sem auðlind til uppbyggingar sögutengdrar ferðaþjónustu